10. Efnilegur unglingur!

4 blöð qto. Reykjavík, 20.mars 1935

## Efnilegur unglingur! (Gunnar Jóhannsson)

Hallgr. Jónss: Jæja, Gunnar minn! Nú erum við J. P. búnir að tala við mann einn hér í bænum, sem var að auglýsa eftir sendisveini. Heldurðu ekki að þú vildir það? Komast að verzlun?

Gunnar: J. P.!! humh. — Hvaða verzlun er það, sossum?

Hallgr: Það er verzlun hérna í Miðbænum. Kaupmaðurinn heitir L. H. Müller

Gunnar: Möller?! (H. J.: Ja, eitthvað svoleiðis. Það er ágætur maður.

Gunnar: Hvað á ég að gera? Og hvað er kaupið? Er nokkurt frí?

H. J.: Þú átt að sendast með pinkla um bæinn. — Áttu ekki hjól?

Gunnar: Jú, ég fékk það í fermingargjöf.

H. J. Ágætt! En um kaupið er óumsamið og um fríið einnig; um það semur þú við manninn sjálfur. Við J. P. vildum aðeins benda þér á, að fara niður í búðina til hans, núna strax, svo að þú getir orðið á undan öðrum, sem kunna að bjóðast.

Gunnar: J. P.!! humh! Núna strax? Ég fer bara einhvern daginn.

H. J.: Nei, góði minn! Það er bezt að fara í dag, svo að .... -

Gunnar: Liggur nokkuð á?. Ég fer bara þegar mér sýnist!

H. J.: Við getum komið með þér, annarhvor eða báðir, ef þú vilt.

Gunnar: Jæja, það er þá bezt að þið komið.

H. J. Já, ég skal koma, eða við báðir.

Gunnar: Báðir? — Nei! — — J. P.?? Humh!

H. J. Jæja, jæja! Við skulum þá fara einir saman.

— ˆ —

### Hjá L. H. Möller.

H. J.: Hérna kem ég nú með drenginn, sem við J. P. vorum að tala um að biðja yður að taka sem sendisvein til yðar.

L. H. Möller: Já, einmitt það. — Það er stór og stæðilegur drengur. Áttu

hjól?

Gunnar: Já, en hvað á ég að gera? – Ha? – Á ég að stoppa hjól? Ha?

L.H. Möller: Fara með pinkla til kaupenda í bænum og afgreiða ofur-lítið hérna í búðinni þess á milli. Við tölum um hjólið seinna.

Gunnar: Pinkla? Eru þeir þungir? Hvað á kaup fæ ég? Og hvernig er svoo með frí? Og....

L.H. Möller: Þeir eru engir svo þungir, að þú getir ekki haft þá með þér á hjólinu, svona stór drengur.

Gunnar: Já, en kaupið?

Möller: Þú færð 70 kr. á mánuði, til að byrja með og síðan meira, ef þú reynist vel.

Gunnar: Já, en fríið?

Möller: Þú færð frí, eins og aðrir – Okkur hlýtur að koma saman um það.

Gunnar: Jæja, ég kem þá – kannske.

Möller: Já, á morgun, kl. 9 í fyrramálið.

Gunnar: Klukkan 9? – – Á morgun?

Möller: Já, það er föstudagur í dag og það er svo mikið að gera á laugardögum.

Gunnar: Nei, ég kem ekki fyr en á mánudaginn, – kl. 10 eða svoo.

Möller: Jæja, góði minn! Við skulum þá hafa það svo.

Gunnar: Vertu sæll! Ha?

Möller: Bíddu við, góði minn! Ég þarf að tala meira við þig.

Gunnar: Ha? Meira? – Hvað þá svo meira?

Möller: Vi skal nu se.

Gunnar: Talarðu dönsku?

Möller: O, nei, ég tala stundum norsku; ég er Norðmaður.

Gunnar: Ha? norsku? – Það vil ég ekki hafa! Ég kann....
Møller: Jæja, við skulum þá sleppa því í þetta sinn, en....
Gunnar: En hvað? – Ég er ekki að hanga yfir þessu lengur.
Møller: Biddu bara rólegur, drengur minn; ég skal ekki tefja þig lengi. – Það lítur annars svo út með þig, að þú viljir ekki láta tefja þig að óþörfu. Það líkar mér vel, þú verður víst duglegur og.....
Gunnar: Nú, og hvað viltu mér þá?
Møller: Heyrðu, góði minn: Hvað heldurðu að það sé mikið 7 sinnum 9, ef þú dregur 16 frá? Hvað yrði þá mikið eftir?
Gunnar: Ha? – Nú! – Ef þú ætlar að fara að hafa það svona! Vertu sæll!

— . — — . —

Gunnar er ekki orðinn verzlunarm. hjá Müller enn.

— . — — " — — " —

Á leiðinni heim:
H. J.: Af hverju varstu svona afundinn við manninn?
Gunnar: Heldurðu ekki að maður sé afundinn við mann, sem finnur uppá því að tala dönsku eða norsku, og byrjar svo á því, að þvæla manni út í reikningi, sem enginn skilur. – Það er sjálfsagt allt helv. honum J. T. að kenna.
H. J.: Hvernig þá? Honum að kenna?
Gunnar: Jú, hann hefir auðvitað spýtt þessu í karlinn áður, til þess að reyna að flekja mig.
H. J.: Finst þér annars hann J. T. vera nokkuð vondur við þig?

Gunnar: Já, reglulegur skíthæll – helvítisfantur!

H.J.: Með hverju hefir hann sýnt það? Ég held að hann vilji þér vel!

Gunnar: Vel?! – Hann, sem segir að ég eigi helst að fara í sveit, og að ég eigi að hlýða – ykkur og honum þá líka. Nei, aldrei.

H.J.: Jæja, heima kemur þá J.P. – Það ætlar ekki að lánast þetta, með sendisveinsstöðuna fyrir hann Gunnar litla.

J.P.: Jæja, þessu trúi ég. Hann þarf að komast í sveit, drenginn. Það er ekkert annað við hann að gera, barnið.

Gunnar: Vertu sæll Hallgrímur – En ~~ekki~~ helvítið hann J. Pálsson!

— — —

Framanritað er sýnishorn eitt af því hversu auðvelt er að hjálpa sumum börnum. Gunnar Jóhannsson, Benediktssonar verkstjóra í Alliance hét hann þessi efnilegi (!) piltur. Hann var alveg eins að sjá og reyna: Tyllusvipurinn sat utan á honum og innan; sérstaklega var hann argur út í mig, því hann heyrði það á mér og skildi, að hann ætti hvergi annarstaðar að vera en „í sveit". Þetta held ég að sé eina barnið, sem hafi hatað mig. Ég hefi oft séð hann síðan. Nú er hann kvæntur og búinn að eignast barn, eitt eða fleiri. Móðirin hlýtur að vera eitthvað skárri en faðirinn og uppeldi það, að lánast vel. Tillit Gunnars til mín, þarf ég ekki að lýsa: það er ekki fallegt! Ég og Hallgr. Jónsson reyndum öllum árum framan að hjálpa honum, en þegar Gunnar heyrði mig nefndan, hnussaði hann (hrukkli!) og sveijaði og aldrei kvaddi hann mann fyrir-fullinn – ef hann annars kvaddi – að hann eigi segði: Verið þið sælir! en sæll h. hann J.P. –

Ath. Hann heitir Gunnar Jóh. f. 18/7.18, kvæntur (?) Guðrúnu Guðmundsdóttur. Börn: Guðbjörg Erla f. 10/4.38 og Jóhann Franz f. 4/2.40. Heimili: Barónsstíg 39. Atvinna: Bílstjóri. (Ath. 12/5.43. J.P.)

Reykjavík, 20. marz 1935.

J. Pálsson